

ÖRORKA EINSTAKLINGA – LANDIÐ Í HEILD OG SUÐURLAND – ÞRÓUN OG HLUTFÖLL

Undanfarin ár hefur verið mikil umræða um fjölgun örorkuþega. Á vef Tryggingastofnunar eru birtar tölur yfir fjölda þeirra einstaklinga (kennitalna) sem njóta 75% örorkulífeyris á aldrinum 18 – 67. Frá árinu 1999 hefur orðið næstum tvöföldun á þessum bótaþegum og því álitum við áhugavert að greina í stuttu máli þessa þróun og flokka eftir landshlutum. Áhugasömum er bent á þennan tengil, eða að hafa samband við SASS og fá nánari greiningu. Einnig er hægt að reikna út bótafjárhæð eftir aðstæðum hvers og eins á heimasíðu Tryggingastofnunar. [Tryggingastofnun 15.4.15](#)

1 FJÖLDI ÖRORKULÍFEYRISÞEGA –

Alls eru nú 17.479 einstaklingar með gilt 75% örorkumat á Íslandi en voru 9.152 árið 1999, það er rúm 90% aukning, en á þessu árabili hefur íbúafjöldinn vaxið um 21%.

Algengustu ástæður örorku nú eru geðraskanir og stoðkerfissjúkdómar. Sjá töflu að neðan. Hlutfallsleg fjölgun stoðkerfissjúkdóma er um 150% eða frá því að vera 2.033 einstaklingar uppí 3.091 einstakling. Þetta er gríðarleg aukning á svo skömmum tíma og vekur upp margar spurningar.

Ástæður/Ár	1999	Hlutf	2015	Hlutf	Fjöldun	Hlutf. Aukning
Geðraskanir	3.258	36%	6.628	38%	3.370	103%
Stoðkerfissjúkdómar	2.033	22%	5.124	29%	3.091	152%
Alls geð/stoðk.	5.291	58%	11.752	67%	6.461	122%
Heild á landinu	9.152		17.479		8.327	91%

Athyglisvert er hversu margir 75% örorkumetnir þegnar landsins eru búsettir erlendis eða 826 manns nú, en voru 271 árið 1999. Fjöldi þeirra hefur því meira en þrefaldast. Af þessum 826, eru 237 þeirra með geðraskanir, en voru 83 árið 1999. Aukningin er tæp 300% á þessum 16 árum af þeim íslensku ríkisborgurum sem þiggja örorkubætur og eru búsettir annarsstaðar en á Íslandi.

75% örorkubótaþegar búsettir erlendis									
Fj. Einstkl.	Yngri en 30 ára			30 - 49 ára			50 ára og eldri		
Ár	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur	Alls	Karlar	Konur
2015	21	11	10	258	90	168	547	258	289
2009	39	13	26	240	87	153	429	205	224
2004	36	17	19	246	89	157	282	124	158
1999	15	11	4	131	58	73	125	58	67
Hlutf. Aukn.	40%	0%	150%	97%	55%	130%	338%	345%	331%

Ár	2015			2007		
Staðsetning	Íbúafj.	Fj. Örorkuþ.	Hlut-fall	Íbúafj.2	Fj. Örorkuþ.2	Hlut-fall2
Erlendis		826			633	
Reykjavík	121.822	6.530	5,4%	116.642	6.036	5,2%
Höfuðborgarsv.	89.460	3.484	3,9%	75.277	2.719	3,6%
Suðurnes	22.026	1.518	6,9%	18.912	1.085	5,7%
Vesturland	15.566	691	4,4%	15.029	550	3,7%
Vestfirðir	6.970	283	4,1%	7.361	263	3,6%
Norðurl. vestra	7.137	331	4,6%	7.557	375	5,0%
Norðurl. eystra	29.257	1.744	6,0%	28.561	1.523	5,3%
Austurland	10.346	531	5,1%	13.185	479	3,6%
Suðurland	26.516	1.541	5,8%	25.148	1.291	5,1%
Heild	329.100	17.479	5,3%	307.672	14.954	4,9%

Þessi tafla sýnir fjölda og íbúahlutfall 75% örorkuþega eftir landshlutum nú og árið 2007, skv. Tryggingastofnun. Örorkubótaþegar eru fleiri en allir íbúar Austurlands og Vestfjarða til samans og um 2 þúsund manns fleiri en búa á Vesturlandi. Aukningin er hlutfallslega mest á

Suðurnesjum og Austfjörðum en lækkar á Norðurlandi vestra, eitt svæða.

Taflan hér að neðan sýnir skiptingu milli örorkuflokka eftir staðsetningu örorkuþega, heildarskiptingu í flokka og hlutfall örorkuþega af íbúafjölda þess svæðis sem þeir tilheyra. Það sem stendur upp úr er hátt flokkahlutfall geðraskanu í Reykjavík, meðfæddrar skerðingar/litningafrávika á Austurlandi og stoðkerfissjúkdóma á Norðurlandi vestra.

Árið 2015	Hlutfallsleg skipting örorkuflokka miðað við staðsetningu örorkuþega											Mannfjöldi á Íslandi	
Staðsetning	Óflokkað	Áverkar	Geð-raskanir	Húð-sjúkd.	Innkirtla/efnask.sjúkd.	Krabba-mein	Meðf. Skerðing	Sjúkd. í blóðrásark.	Stoðkerfis-sjúkd.	Samtals hverri staðs.	Dreifing á staðs.	Íbúafjöldi	Hlutfall af íbúafj.
Erlendis	5,1%	10,2%	28,7%	0,8%	1,6%	2,1%	1,1%	6,2%	34,4%	826	4,7%		
Reykjavík	4,5%	5,8%	45,9%	0,4%	1,6%	1,0%	2,2%	4,2%	22,3%	6.530	37,4%	121.822	5,4%
Höfuðborgarsv.	4,9%	6,8%	35,3%	0,6%	1,8%	1,3%	2,6%	4,8%	29,1%	3.484	19,9%	89.460	3,9%
Suðurnes	5,2%	8,6%	32,5%	0,6%	1,9%	1,1%	1,8%	4,2%	35,8%	1.518	8,7%	22.026	6,9%
Vesturland	2,7%	6,8%	33,7%	0,4%	1,7%	1,2%	2,5%	5,2%	34,9%	691	4,0%	15.566	4,4%
Vestfirðir	5,7%	7,4%	32,5%	1,1%	0,4%	1,4%	2,8%	5,7%	33,9%	283	1,6%	6.970	4,1%
Norðurland vestra	2,7%	7,9%	27,8%	0,9%	2,1%	0,0%	0,9%	5,1%	39,9%	331	1,9%	7.137	4,6%
Norðurland eystra	3,8%	6,8%	34,7%	0,5%	1,8%	0,7%	2,8%	4,1%	36,2%	1.744	10,0%	29.257	6,0%
Austurland	4,5%	7,9%	29,2%	0,6%	1,9%	1,3%	3,8%	3,8%	35,6%	531	3,0%	10.346	5,1%
Suðurland	5,5%	7,2%	31,9%	0,8%	1,8%	1,0%	2,0%	5,5%	34,8%	1.541	8,8%	26.516	5,8%
Samtals í flokk	804	1.197	6.628	98	294	194	400	799	5.124	17.479	100,0%	329.100	5,3%
Hlutfall af heild	4,6%	6,8%	37,9%	0,6%	1,7%	1,1%	2,3%	4,6%	29,3%				

Næsta tafla greinir örorkuþega eftir aldurshópum og staðsetningu þeirra á þessu ári. Í heild eru um 57% eldri en 50 ára og þeir hlutfallslega flestir á Vestfjörðum, 69.3% en lægstir á Suðurnesjum. Vestfirðir eru hlutfallslega lægstir í næsta flokki fyrir neðan, 30-49 ára, 23.7%, en Suðurnesin þar hæstir aftur á móti, 36.5%.

Fjöldi og hlutfall örorkuþega eftir aldurshópum og staðsetningu árið 2015							
Aldurshópar	Undir 30 ára		Milli 30-49 ára		Eldri en 50 ára		Heild
Staðsetning örorkuþega	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.	Fjöldi	Hlutf.	
Erlendis	21	2,5%	258	31,2%	547	66,2%	826
Reykjavík	631	9,7%	2.280	34,9%	3.619	55,4%	6.530
Höfuðborgar- svæðið	367	10,5%	1.174	33,7%	1.943	55,8%	3.484
Suðurnes	143	9,4%	554	36,5%	821	54,1%	1.518
Vesturland	70	10,1%	242	35,0%	379	54,8%	691
Vestfirðir	20	7,1%	67	23,7%	196	69,3%	283
Norðurland vestra	20	6,0%	111	33,5%	200	60,4%	331
Norðurland eystra	172	9,9%	566	32,5%	1.006	57,7%	1.744
Austurland	52	9,8%	143	26,9%	336	63,3%	531
Suðurland	125	8,1%	469	30,4%	947	61,5%	1.541
Heild	1.621	9,3%	5.864	33,5%	9.994	57,2%	17.479

SUÐURLANDIÐ

Fjöldi örorkuþega með 75% örorkumat á Suðurlandi er nú 1.541 einstaklingar en voru 620 árið 1999, fyrir 17 árum síðan. Fjölgun um 921 einstakling eða um 150%.

Suðurland	Ár	1999	2005	2010	2015
Gerð örorku	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi	Fjöldi
Óflokkuð	29	61	69	84	
Áverkar	44	73	96	111	
Geðraskanir	199	368	438	492	
Húðsjúkdómar	7	11	15	12	
Innkirtla og efnaskiptasjúkdómar	14	20	31	27	
Krabbamein	17	19	25	16	
Meðfædd skerðing og litningafrávik	24	26	24	31	
Sjúkdómar í blóðrásarkerfi	57	77	76	85	
Sjúkdómar í taugakerfi og skynfærum	54	86	100	118	
Sjúkdómar í öndunarfærum	17	25	26	29	
Stoðkerfissjúkdómar	158	346	488	536	
Samtals	620	1.112	1.388	1.541	

Íbúafjöldi á Suðurlandi var 23.026 árið 1999, og af þeim voru 2,7% á 75% örorkubótum (3,32% yfir landið allt).

Nú eru íbúarnir 26.516 og af þeim eru 5,8% á 75% örorkubótum (5,26% yfir landið allt). Hér á Suðurlandi hefur því fjöldi örorkubótaþega aukist hlutfallslega meira en yfir landið í heild.

Ár	Alls	Karlar	Hlutf.	Konur	Hlutf.
2015	1.541	581	37,7%	960	62,3%
2009	1.389	535	38,5%	854	61,5%
2005	1.112	437	39,3%	675	60,7%
1999	620	268	43,2%	352	56,8%

Taflan til hliðar sýnir fjölda karla og kvenna sem njóta örorkubóta á Suðurlandi og hlutfall milli kynja. Hlutfall kvenna er ávallt herra og hefur rúmlega 2,7 faldast á meðan fjöldi karla hefur 2,2 faldast.

Til að átta sig á fjölda örorkubótaþega á Suðurlandi er handhægt að tengja töluna við íbúa á svæðum á Suðurlandi en þeir eru u.þ.b. jafn margir og allir íbúar Mýrdals-, Skaftár-, Ása- og Grímsness/Grafningshrepps.

